

Enska 2. bekkur

Kennrarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

2

Skólaárið

Skólaárið 2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á munnlega kennslu og þjálfun. Nemendur læra ensku í gegnum leiki og söngva. Myndir eru notaðar til stuðnings við orð og leiki. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og safna þeim í verkefnabók.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Jafnt og þétt yfir veturinn er lögð áhersla á hlustun, endurtekningu, myndefni og látbragð með því að notast við leik, söng, rím og þulur til að styðja við málþroska nemenda. Orðaforði er byggður upp með því að vinna með þemu, eins og fjölskyldu, mat, tölur, liti, veður o.s.frv.

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagað að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat. Könnun í lok hvers viðfangsefnis. Brottfararspjöld nýtt til að kanna orðaforða nemenda.

Námsgögn

Yes we can 2. Orðasjóður og verkefnablöð.

Connect kennsluleiðbeiningar - mms - vefsíða.